

## Nokkur orð um hugmyndir Íslendinga um konungsvald fyrir 1262.

### Inngangur.

Íslendinga saga Sturlu Þórðarsonar er sú íslensk fornsaga sem með hvað bestum rökum má kallast samtíðarsaga. Stafar sú nafngift þá ekki einvörðungu af því að sögutími og ritunartími hennar falli saman heldur fremur af því að Íslendinga sögu er greinilega ætlað að vera saga samtímans en ekki einstakra samtíðarmanna eða atburða. Íslendinga saga er saga Sturlungaaldar, mesta ófriðartíma Íslandssögunnar, rituð af einum af þáttakendum í ófriðnum. Hún er uppgjör hans við samtíma sinn, frændur sína, vini og óvini en ekki síst við sjálfan sig. Hún er árekstur epíkurinnar og ævisögunnar eins og W.P. Ker orðaði það: „The age itself takes voice and speaks in it; there is no interval between actors and author.“<sup>1</sup>

Ög uppgjörið er endanlegt. Öllum óhugnaði og hryllingi ófriðarins er lýst og ekkert dregið undan. Þvert á móti tekur Sturla skýra afstöðu gegn honum eins og sést á lýsingum á vígaferlum í sögunni.<sup>2</sup> Sá Sturla sem söguna ritar er Sturla lögmaður, orðinn gamall maður og eindreginn konungssinni. Það er einmitt konungurinn sem heggur á þann hnút ættvíga og ófriðar sem lýst er í bókinni. Í Íslendinga sögu er hvergi efast um að sú leið út úr ófriðarvítahringnum sem Íslendingar völdu með því að gangast undir skattgjald til Noregskonungs 1262-1264 hafi verið sú eina rétta. Þvert á móti má líta á söguna alla sem lóð á þá vogarskál. Söguna má með réttu kalla dæmisögu um frið og ófrið og útkoman úr þeirri jöfnu er konungurinn sem heldur uppi friði, rex pacificus.

Á miðöldum var meginhlutverk konungsins að vernda þjóð sína og gæta friðarins, auk þess að hann var verndari kirkjunnar og persónugerv-ingur laganna. Vald hans kom frá Guði einum. Konungurinn var ímynd konungsins á himnum og fulltrúi hans á jörðu. Þetta merkti að hann var hafinn yfir annað fólk. Þegar hans voru ekki uppspretta valds hans heldur Guð einn. Þeim bar að hlýða honum skilyrðislaust en á móti var hann verndari þeirra og ábyrgðarmaður. Þessi hugmynd er þegar komin fram hjá Ágústínusi kirkjuföður og er ríkjandi allar miðaldir. Kemur hún fram í smurgingu konungsins sem er staðfesting á valdi hans og persónulegu sambandi við Guð. Konungurinn var lögin og friðurinn. Í andlegum skilningi var Guð nálægur (presentaliter) í honum. Um leið og þessi hugmynd veitti konungi óskorað vald yfir þegnum sínum setti hún honum skorbúr. Hann varð að stjórna í samræmi við vilja Guðs og þar með kirkjunnar. En embætti hans var talið heilagt og oft og tíðum hafa

<sup>1</sup> W.P. Ker. *Epic and Romance. Essays on Medieval Literature.* London 1908, 61.

<sup>2</sup> Ármann Jakobsson. *Sannyrði sverða. Vígaferli í Íslendinga sögu og hugmyndafræði sögunnar. Skáldskaparmál* (3) 1994.

konungar guðlegan lækningarmátt og aðra sérstaka hæfileika.<sup>3</sup> Í Norðurlálfu blandast þessar hugmyndir við forngermanska arfleifð um heilagt konungdæmi (Sakralkönigtum). Fræðimenn hafa deilt um hvers eðlis sú arfleifð var en eru sammála um að konungurinn hafi verið talinn sérstakur, „marked off from his fellow men by an aura of specialness.“<sup>4</sup> Sú sérstaða kemur oft fram í því að litið er á konungar sem afkomendur guða og vísbendingar eru um að ákveðið samband hafi verið talið ríkja milli konungs og lands. Konungi fylgdi sérstök gæfa sem endurspegladist í frjósemi lands hans en ekki er ljóst hvort sérstakar helgiathafnir hafi tengst þessu og þá hvemig.<sup>5</sup>

Í Konungsskuggsjá koma fram sömu hugmyndir um konungsvald og annarstaðar í Evrópu á 13. öld. Vald konungsins er heilagt og kemur frá Guði einum. Hann er hafinn yfir annað fólk, eins konar eigandi (dominus) landsins og þegnum hans ber skilyrðislaust að sýna honum tryggð. Svik við rangláta konunga eru jafnfyrirlitleg og við réttláta. Litið er á konung og kirkju sem bandamenn og jafningja. Konungdæmið er ekki einungis embætti (corona). Heiður konungs og virðing er meiri en venjulegra manna. Tign hans og sæmd (honor et dignitas) verða ekki skilin frá persónu hans. Honum er óheimilt að gefa frá sér vald sitt. Hann er staðgengill Guðs og ber ábyrgð á samfélaginu öllu.<sup>6</sup>

Gera má ráð fyrir að sú konungsmynd sem hér var lýst hafi haft sín áhrif á Íslandi á 13. öld.<sup>7</sup> Eins og komið hefur fram má sjá greinileg ummerki um hana í Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar sem rituð er þegar Íslendingar eru orðnir þegnar Hákonar gamla. En dýrkun á sterku konungsvaldi er til á Íslandi fyrir árið 1262. Íslendingar ganga Noregskonungi á hönd af fúsum og frjálsum vilja og því verður að teljast sennilegt að einhver áhugi á konungsveldi hafi verið fyrir hendi á þjóðveldistímanum. Hæpið er að fullyrða að „mjög fáa hafi fýst þessarar breytingar“ eins og Einar Ólafur Sveinsson gerði og gera þá ráð fyrir að vísa draumkonu Jóreiðar í Miðjumdal (sem er raunar ekki einu sinni ort af lifandi konu) lýsi „algengri tilfinningu meðal almúga.“<sup>8</sup> Hver sú

<sup>3</sup> Walter Ullmann. *Principles of Government and Politics in the Middle Ages*. London 1961, 117-149. *Trends in Medieval Political Thought*. Beryl Smalley ritstýrði. Oxford 1965, 1-64 o.v.

<sup>4</sup> R.W.McTurk. *Sacral Kingship in Ancient Scandinavia*. Saga-Book (19) 1975-1976, 156.

<sup>5</sup> Nýleg yfirlit um þessa deilu má finna víða, svo sem hjá: R.W.McTurk. *Sacral Kingship in Ancient Scandinavia*, 139-169. John Stanley Martin. *Some Thoughts on Kingship in the Helgi Poems*. *Poetry in the Scandinavian Middle Ages*. The Seventh International Saga Conferences. Spoleto, 4-10 september 1988. Spoleto 1990. Gro Steinsland. *Det hellige bryllup og norrøn kongeideologi*. En analyse av hierogami-myten i Skírnismál, Ynglingatal, Háleygjatal og Hyndluljóð. Oslo 1991, 307-313. Um guðlegan upruna konunga, sjá Anthony Faulkes. *Descent from the gods*. *Mediaeval Scandinavia* (11) 1978, 92-125.

<sup>6</sup> Sverre Bagge. *The Political Thought of the King's Mirror*. Odense 1987.

<sup>7</sup> Um þessar mundir er ég að kanna stöðu konungsins í norrænum fornþóknemntum og verða niðurstöður þeirra athugana kynntar síðar.

<sup>8</sup> Einar Ólafur Sveinsson. *Sturlungaöld*. *Drög um íslenska menningu á þrettánda öld*. Rvk 1940, 19.

tilfinning hefur verið er óljóst eins og raunar vísan sjálf sem telst tæplega mjög harðskeytt gagnrýni á Noregskonung.

Í þessum fyrirllestri verður lýst vitnisburði bókmennta þjóðveldisaldar um áhuga Íslendinga á sterku konungsveldi á þeim tíma. Fyrst verður fjallað um hreið til að lýsa íslenskum höfðingjum sem konungum, síðan um tilraunir til að koma upp íslenskum konungsaettum en að lokum verður farið nokkrum orðum um áhuga Íslendinga á erlendu konungsvaldi og hvernig hann lýsti sér á 13. öld.

## 1. Byskupinn sem konungur.

Þeir Íslendingar allra tíma sem voru þeirrar skoðunar að íslenskar fornþókmennntir birtu ómengaðan sannleika vissu vel að fyrsti konungurinn yfir Íslandi var ekki Hákon gamli. Það var Gissur Ísleifsson. Hann hlaut konungsnafn löngu eftir dauða sinn, krýndur af höfundi Hungurvöku: „Hann tók tígn ok virðing svá mikla, þegar snemmendis byskupsdóms síns, ok svá vildi hverr maðr sitja ok standa sem hann bauð, ungr ok gamall, sæll ok fátækr, konur ok karlar, ok var rétt at segja at hann var bæði konungr ok byskup yfir landinu meðan hann lifði.“<sup>9</sup>

Elsta frásögnin af byskupsdómi Gissurar er rituð skömmu eftir lát hans. Þar er átt við Íslendingabók samtíðarmanns hans og fóstura bróður hans, Ara Þorgilssonar. Ber frásögnin ótvírátt vitni aðdáun Ara á þeim frændum öllum. Byskupinn í Skálholti er í miðpunkti frásagnar seinustu kafla bókarinnar og Gissuri lýst sem mesta höfðingja á Íslandi. Sagt er að landsmenn hafi verið hlýðnir honum og tífundað hversu vinsæll hann hafi verið: „Gizurr byskup vas ástsælli af öllum landsmönnum en hverr maðr annarra, þeira es vér vitim hér á landi hafa verit.“<sup>10</sup> Síðan segir frá tíundarlögum sem Gissuri eru þökkuð, manntali sem hann lét gera og eftir að greint hefur verið frá láti hans eru raktar ættir þeirra byskupa sem landið hefur átt. Íslendingabók hefst á landnámi úteyjarinnar í norðri, sagt er frá löggjöf, byggð Grænlands, kristnitöku og að lokum frá byskupum þeim sem landið hefur haft. Henni lýkur á að landið hefur fengið sterkan höfðingja sem setur því lög.

Í Íslendingabók eru byskuparnir greinileg miðja frásagnar allt frá kristnitöku. Þeir eru í raun konungar yfir landinu. Skrefið er þó aldrei stigið til fulls. Gissur er hvergi nefndur konungur í Íslendingabók. Hefur þó Ari fyrir sér dæmi Adams frá Brimum<sup>11</sup> sem í *Gesta Hammaburgensis* segir um Íslendinga: „Episcopum suum habent pro rege; ad illum nutum respicit omnis populus, quicquid ... ille constituit, hoc pro lege

<sup>9</sup> Hungurvaka. Byskupa sögur I. Jón Helgason gaf út. Khöfn 1938, 85. Samræming stafsetningar er á ábyrgð undirritaðs.

<sup>10</sup> Íslendingabók. Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Íslenzk fornrit I. Rvk 1968, 22.

<sup>11</sup> Else Mundal. *Íslendingabók* vurdert som bispestolskrønike. *The Audience of the Sagas. The Elgth International Saga Conference.* Göteborg 1991.

habent.“<sup>12</sup> Af hverju Adam tekur svo sterkt til orða um völd Ísleifs byskups er óráðin gáta. En þrátt fyrir fordæmið hika Ari við að sameina andlegt og veraldlegt vald í einum manni og lýsa Gissur konung yfir Íslandi. Það er fyrst í byrjun 13. aldar að Hungurvaka tekur af öll tvímæli. En þá er það ekki Ísleifur byskup sem fær konungsnafn, eins og hjá Adam frá Brimum, heldur Gissur, sonur hans. Er hann líka eðlilegri kostur þar sem hann er faðir tífundarlaganna.

Hungurvaka er saga byskupsstólsins í Skálholti, eins konar Gesta episcoporum. Eitt einkenni slíkra staðarsagna er áhugi á öllu sem staðnum sjálfum viðkemur.<sup>13</sup> Hungurvaka heldur því mjög fram Haukdælaætt sem fyrst byggði bæ þann „er í Skálaholti heitir, er nú er allgöfgastr boer á öllu Íslandi.“<sup>14</sup> Til að mynda er sagt um Gissur hvíta að hann hafi komið með kristni til Íslands og þá væntanlega kristnað landið á eigin spýtur. Enn fremur er getið um börn byskupa af Haukdælaætt en á börn annarra byskupa er ekki minnst. Það kemur því tæplega á óvart að höfundur Hungurvöku nefnir „hinn fróða mann Gizurr Hallsson“ sem meginheimild sína en Gissur var sonarsonur Teits Ísleifssonar, bróður Gissurar byskups.<sup>15</sup> Enda þótt Hungurvaka sé augljóslega af meiði helgisagnarritunar<sup>16</sup> er ekki loku fyrir skotið að skrásetjari af ætt Haukdæla sé öðrum þræði að rita konungasögu af forfeðrum sínum fyrir börn sín en þau eru einmitt nefnd sem viðtakendur sögunnar.

Samkvæmt Hungurvöku sækir íslenska konungsaettin vald sitt til fólksins að einhverju leyti. Ísleifur Gissurarson er „valdr til byskups af allri alþýðu á Íslandi“ og það er einnig alþýðan sem fær Gissur til að fara utan til byskupsvígslu.<sup>17</sup> Vald íslensku byskupakonunganna er þó auðvitað fyrst og fremst frá Guði og ástæða þykir til að taka fram að Gissur byskup hafi verið „jafnan mikils virðr hvar sem hann kom, ok var þá tígnum mǫnnum á hendi er hann var útanlands. Haraldr konungr Sigurðarson var þá konungr í Nóregi, ok mælti þeim orðum við Gizurr, at honum kvazk svá sýnask til, at hann mundi bezt til fallinn at bera hvert tignamafn sem hann hlyti.“<sup>18</sup> Meðmæli frá erlendum tignarmönnum auka á tign hins íslenska „konungs“, ekki síst ef þau koma fram í beinni ræðu eins og í þætti af Gissuri í Morkinskinnu þar sem hann er ekki einungis „mikils virðr“ heldur beinlínis lýstur hæfur til að bera konungsnafn: „Þá er Gizurr Ísleifsson kom á fund Haralds konungs, var rætt um, at hann væri merkiligr maðr. Þá sagði Haraldr konungr: „Svá er þat, sem þér segið, en þar má gœra vel af þrjá menn. Hann má vera víkingahöfðingi ok er hann vel til þess fenginn. Þá má hann ok vera konungr af sínu

<sup>12</sup> Adam von Bremen. *Hamburgische Kirchengeschichte*. Bernard Schmeidler gaf út. Hannover und Leipzig 1917, 273.

<sup>13</sup> Ásdís Egilsdóttir. *Eru biskupasögur til? Skáldskaparmál* (2) 1992, 212-218.

<sup>14</sup> Hungurvaka, 75.

<sup>15</sup> Sama rit, 72.

<sup>16</sup> Ásdís Egilsdóttir. *Eru biskupasögur til?*, 212-219.

<sup>17</sup> Hungurvaka, 76 og 84.

<sup>18</sup> Sama rit, 83.

skaplyndi ok er vel fengit. Með þriðja hætti má hann vera byskup ok þat mun hann helzt hljóta ok mun vera inn mesti ágætismaðr.“<sup>19</sup>

En hvernig konungur er Gissur? Í Hungurvöku er lögð áhersla á sömu þætti ríkis hans og Íslendingabók greindi frá. Hljóðni almennings við hann er rækilega tífunduð og löggjafarstarf hans einnig. Hvorttveggja er þáttur í konungsmynd þess tíma, eins og fram kom áðan. Að auki er því lýst hvernig Gissur efldi staðinn en sú lýsing er dæmigerð fyrir bókmennta-grein þá sem Hungurvaka heyrir til.<sup>20</sup> Einnig koma fram athyglisverð tengsl við hina fornu hugmynd um tengsl konungs og lands í lýsingunni af því hvernig landið drúpir við fráfall Gissurar.<sup>21</sup>

Það er hins vegar fyrst í Kristni sögu sem Gissur verður rex pacificus, konungurinn sem gætir friðarins: „Gizurr biskup friðaði svá vel landit, at þá urðu engar stórdeilur með höfðingjum, en vápnaburðr lagðiz mjök niðr.“ Í hans ríki er konungurinn einnig lagabætir og þegnamir hljóðnir: „Þat er mikit mark til þess, hversu landsmenn váru hljóðnir þeim manni, er því kom til leiðar, at allt land var virt ok allt fé þat er á því var, ok lögtekit at svá skyldi vera, meðan landit væri byggt.“<sup>22</sup> Þessi nýja mynd konungsins er sérlega athyglisverð í ljósi þess að Kristni saga hefur stundum verið talin rituð eftir hrun þjóðveldisins og menn hafa getið sér þess til að höfundurinn sé enginn annar en Sturla Þórðarson.<sup>23</sup>

Hver sem höfundur Kristni sögu hefur verið er ljóst að hann hefur verið trúmaður eins og Sturla, friðarsinni eins og Sturla og konungssinni eins og Sturla. Friðarboðskapur Kristni sögu birtist meðal annars í þessari lýsingu á samtíma Gissurar sem er þryðilegur vitnisburður um fortíðardýrkun og friðarstefnu íslenska húmanismans á 13. öld: „Þá var svá lítill vápnaburðr, at ein var stálhúfa þá á alþingi, ok reið drjúgum hverr bóndi til þings, er þá var á þingi.“<sup>24</sup> Þessi lýsing er sennilega ekki síður rómantísk en nafnið sem tímabilið 1030-1118 bar lengi í sögu landsins: Friðaröld.

<sup>19</sup> Morkinskinna. Finnur Jónsson gaf út. Khöfn 1932, 251. Samræming stafsetningar er á ábyrgð undirritaðs.

<sup>20</sup> Ásdís Egilsdóttir. Eru biskupasögur til?, 213-214.

<sup>21</sup> Slíkar hugmyndir eru þó ekki bundnar við konunga eina (sbr. eigin óbirta ritgerð „Ástvinur Guðs. Páls saga innan helgisagnahefðar“).

<sup>22</sup> Kristni saga. Þáttr Þorvalds ens víðforla. Þáttr Ísleifs biskups Gizurarsonar. Hungurvaka. B. Kahle gaf út. Halle 1905. (Altnordische Sagabibliothek 11)

<sup>23</sup> Finnur Jónsson varð fyrstur til þess (Hauksbók. Khöfn 1892-1896, lxx-lxxi) en fleiri fræðimenn eru á þeirri skoðun, m.a. Jón Jóhannesson (Gerðir Landnámabókar. Rvfk 1941, 70-71), Magnús Már Lárusson (Kristni saga. Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder frå vikingetid til reformationstid IX. Khöfn 1964, 356) og Jakob Benediktsson (Íslendingabók. Landnámabók. Íslensk fornrit I. Rvfk 1968, lxxiv).

<sup>24</sup> Kristni saga, 54.

## 2. Haukdælir og Oddaverjar.

Frá Íslendingabók til Kristni sögu hefur Gissur Ísleifsson þróast úr ráðríkum byskup í konung og úr konungi í friðarkonung. Segir þessi þróun okkur sennilega meira um stjórnmálapróun á Íslandi á 12. og 13. öld en Gissur sjálfan þó að hann standi ávallt eftir sem einn mesti skörungur Íslandssögunnar. Konungs nafnið hlýtur Gissur ekki fyrr en í byrjun 13. aldar og þá er óhætt að fullyrða að krafa um sterkan konung sé kominn upp á Íslandi. Höfundur Hungurvöku hefur eflaust þekkt verk Adams frá Brimum og gripið frá honum hugmyndina um byskupinn sem konung. Heldur ólíklegt er þó að hann hafi verið að boða sameiningu andlegs og veraldlegs valds á Íslandi. Slíkt hefði verið þvert á þróun erlendis þar sem skilin milli lærðra og leikra eru að skerpast á þessum tíma. Líklegra er að hér sé verið að leggja grunninn að íslenskri konungssætt.

Staðarsaga Skálholts hlaut að verða öðrum þræði ættarsaga Haukdæla og það er Hungurvaka líka eins og áður kom fram. Fyrir utan það sem getið er hér að framan fylgir sagan Gissuri Hallssyni af stakri nákvæmni. Sagt er frá því að Þorlákur Runólfsson tekur Gissur í fóstur og „var byskup við hann svá ástúðlegur sem hann væri hans son, ok spáði honum þat er síðan gekk eptir, at slíkr merkismaðr mundi trautt finnask á Íslandi sem hann var, ok varð á því raun síðan.“<sup>25</sup> Með því að fóstura Halli barn viðurkennir Þorlákur að hann sé honum ótignari<sup>26</sup> en samkvæmt Páls sögu eru byskupar ekki óæðri öðrum leikum mönnum en konungum og jörlum.<sup>27</sup> Næst segir frá Gissuri í Hungurvöku þegar hann verður samferða Klængi byskupi á heimleið úr mikilli frægðarferð „frá Róm sunnan“ og „áttu þá menn at fagna tveim senn hinum mestum manngersemum á Íslandi.“<sup>28</sup> Gissur er greinilega engu ótignari en Klængur. Jafnvel má líta á þá sem fulltrúa andlegs og veraldlegs valds, orðsins og sverðsins.

Tilraun höfundar Hungurvöku til að lýsa íslenskri konungssætt er heldur veikburða þó að viljinn sé fyrir hendi. Til þess liggja tvær ástæður. Í fyrsta lagi er yfirlýstur tilgangur verksins að vera staðarsaga Skálholtsstaðar þó að höfundur noti tækifærið og gefi hrifningu sinni á glæsibrag forfeðranna lausan tauminn. Í annan stað hafa Haukdælir tæplega staðið undir þeirri tign sem höfundur Hungurvöku vill augljóslega veita þeim. Konungdómur þeirra varð aldrei til nema í fjarlægri fortíð. Þegar hér er komið við sögu hefur önnur ætt gert mun sterkari kröfu til tignarinnar, eins og höfundur Hungurvöku viðurkennir: „Þeir váru ok hans vinir [Klængs] traustastir er mest váru virðir á Íslandi, Jón Loptsson ok Gizurr Hallsson.“<sup>29</sup> Þrátt fyrir augljósa dýrkun á

<sup>25</sup> Hungurvaka, 95.

<sup>26</sup> „þat er mál manna, at sá væri ótignari, er öðrum fósturaði barn.“ Heimskringla I. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Íslenzk fornrit XXVI. Rvkf 1941, 145. „ok er sá kallaðr æ minni maðr, er öðrum fósturar barn.“ Laxdæla saga. Íslenzk fornrit V. Rvkf 1934, 75.

<sup>27</sup> Páls saga. Byskupa sögur II. Jón Helgason gaf út. Khöfn 1978, 437-438.

<sup>28</sup> Hungurvaka, 107.

<sup>29</sup> Sama rit, 109.

Haukdælum verður Hungurvökuhöfundur að setja nafn Gissurar Hallssonar á eftir nafni mannsins sem ásamt Gissuri Ísleifssyni er sterkasti einstaklingur 12. aldarinnar á Íslandi: Jóns Loftssonar.

Hungurvaka er treg að fallast á tilkall Jóns Loftssonar til konungdóms. En Þorláks saga, Páls saga, Sturlu saga og Íslendinga saga sýna svo að ekki verður um villst að ósk Íslendinga eftir sterku konungsvaldi á 12. og 13. öld hóf fleiri Íslendinga til konungstignar en Gissur Ísleifsson. Jón Loftsson hefur sennilega verið augljósasta konungsefni Íslendinga á þeim tíma þó að haukdælskir sagnaritarar héldu fram sínum fræga forföður. Jón var af norsku konungsaettinni, ríkastur og voldugastur allra Íslenskra höfðingja á seinni hluta 12. aldar. Kvæðið Nóregs konunga tal sýnir að hann hefur haldið á lofti uppruna sínum og látið yrkja um sig lof að konunga sið.<sup>30</sup> Hins vegar er hann hvergi nefndur konungur í þeim sagnaritum sem við eigum þótt konungborinn sé. Svo virðist sem Oddaverjar hafi ekki þorað að ganga jafn langt og Haukdælir.

Allar sögur af Þorláki helga kalla Jón Loftsson „mesta höfðingja á Íslandi“, jafnvel Oddaverja þáttur veitir honum þetta tignarnafn.<sup>31</sup> Í latínugerð sögunnar segir: „Eodem anno ipse Thorlacus comitante secum preclarissimo huius patrie principe Iohanne ad sedis episcopalis locum pervenit.“<sup>32</sup> Orðið princeps merkir á því máli sá sem er fremstur, höfðingi og getur jafnvel átt við konung.<sup>33</sup> Páls saga notar sömu einkunn yfir Jón: „Sá maðr var gofgastr höfðingi á öllu Íslandi.“<sup>34</sup> Öll þessi rit eru sammála um eitt: Jón er fremsti höfðingi á öllu landinu. Honum er ekki lýst sem héraðshöfðingja heldur landshöfðingja. Yfirráðasvæði hans er allt landið.

Þessi lýsing er styrkt í Sturlunga sögu. Í ættartölum er bent á konunglegan uppruna Jóns „er mestr höfðingi ok vinsælastr hefir verit á Íslandi“ og í Sturlu sögu er hann sagður „dýrstr maðr ... á landi þessu.“<sup>35</sup> Jón er hér í hlutverki hins látna konungs yfir landinu sem fyrst og fremst er dómari, setur niður deilur milli manna og heldur uppi friðnum: „Váru þá sem mestar virðingar Jóns, ok var þangat skotið öllum stórmálum, sem

<sup>30</sup> Guðbrandur Vigfússon og F. York Powell bentu á Ynglingatal sem hugsanlega fyrirmynd (Corpus Poeticum Boreale II. Oxford 1883, 309). Preben Meulengracht Sørensen hefur kallað kvæðið „det literære udtryk for den sociale position, som Jón Loftsson og hans familie gjorde krav på.“ (Fortælling og ære. Studier i Íslendingesagaerne. Aarhus 1993, 124-5). Í því ljósi er athyglisvert að rifja upp þá tilgátu Ólafs Halldórssonar að Jónsvíkinga saga „sé í og með skrifuð til að stríða þeim höfðingjum á Íslandi, sem stunduðu á að rekja ættir sínar til konunga, sjálfum sér til frægðarauka, eins og til að mynda Oddaverjar; þeir röktu ættir sínar til Danakonunga, og er líklegt að þeim hafi þótt Jónsvíkinga saga vond bók.“ (Jónsvíkinga saga. Ólafur Halldórsson bjó til prentunar. Rvfk 1969).

<sup>31</sup> Þorláks saga A. Byskupa sögur II. Jón Helgason gaf út. Khöfn 1978, 198. B-gerð bætir við „af leikmönnum.“ Þorláks saga BC, 250.

<sup>32</sup> Sama rit, 165.

<sup>33</sup> Sverrir Tómasson hefur áður bent á þetta (Íslensk bókmenntasaga I. Rvfk 1992, 280-281).

<sup>34</sup> Páls saga. Byskupa sögur II. Jón Helgason gaf út. Khöfn 1978.

<sup>35</sup> Sturlunga saga I. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Rvfk 1946, 51 og 113.

hann var.<sup>36</sup> Jón er fjórum sinnum í Sturlunga sögu látinn gera um mikilvæg mál, einu sinni ásamt Gissuri Hallssyni en þrisvar einn, og kemur alltaf á sáttum. En eftir lát hans rofna allar sættir. Friðar-konungurinn er látinn en enginn tekur sess hans.

„Losnar og raknar sá hnútur sem traustast vér bindum.“<sup>37</sup> Þegar Jón andast losnar um alla friðarhnúta sem hann hefur bundið. Afkomendur hans eru miklir höfðingjar en enginn ríkir eins og konungur yfir landinu. Konungsnafn er ekki einungis embætti heldur órjúfanlega tengt persónu konungsins. Hann er hafinn yfir aðra menn. Þess vegna myndast tómarúm þegar hann fellur frá. Ormur Breiðbælingur, sonur hans, lýsir þessu tómarúmi vel: „Vér áttum föður þann, er hafði mikil metorð hér á landi, svá at eigi var sá maðr, er eigi þætti sínu máli vel komit, ef hann skyldi um gera.“<sup>38</sup> En konungurinn er látinn, sættir hafa rofnað og ófriðarský á lofti. Synir Jóns eru of smáir til að passa í fót hans. Ekkert verður úr tilraunum Sæmundar Jónssonar til að mægjast við Orkneyjarla og deilur hans við Björgynjarmenn verða til þess að Norðmenn fluga að senda her til Íslands. Ekkert verður þó af því og eignar Íslendinga saga Snorra Sturlusyni heiðurinn af því.<sup>39</sup> Synir Jóns Loftssonar eru þess ekki megnugir að etja kappi við Noregskonunga. Þeir verða ekki konungar í hans stað.

### 3. Upphefð að utan.

Af einum sona Jóns Loftssonar verður þó til sérstök saga. Í byrjun 13. aldar hafa Íslendingar eignast dýrling. Sprettur þá upp sagnaritunaræði umhverfis Skálholtsstað og í því æði er skrifuð saga af Páli Jónssyni byskupi, sennilega í því skyni að fullgera staðarsögu Skálholtsstaðar. Að auki hefur Páll sérstaka stöðu meðal byskupa sem frændi og eftirmaður Þorláks helga. Sagan leggur einmitt áherslu á hvernig Páll fylgir síðum Þorláks í hvívetna<sup>40</sup> en þó vekur athygli hversu gjörólík lýsing þeirra er. Páll er sagður „manna kurteisast“ en þvílíka einkunn fær Þorlákur aldrei. Lýsingarorðið kurteis er eins og aðskotahlutur í byskupa sögu. Það er tökuorð úr frönsku (þar *courtois*) og merkir eiginlega „það sem hæfir við hirðina.“ Bjarni Einarsson kallaði það „one word which better than any characterizes the feudal ideal both in literature and in life.“<sup>41</sup>

Það hlýtur að vekja forvitni hvað orð sem geymir hvorki meira né minna en kjarna hirðlífs og riddaramennsku sé að vilja í sögu um byskupinn Pál Jónsson. En þegar betur er gáð á það þrýðilega við. Páll er einmitt kurteis í þeim skilningi að hann sómir sér vel við hirðina og sagan eyðir fyrstu köflunum í að sýna fram á það. Páll fer til Englands til náms

<sup>36</sup> Sama rit, 104.

<sup>37</sup> Jón Helgason. Í Árnasafni. Kvæðabók. Reykjavík 1986, 13.

<sup>38</sup> Sturlunga saga, 200.

<sup>39</sup> Sama rit, 242, 270 og 277.

<sup>40</sup> Páls saga, 414 og 419.

<sup>41</sup> Bjarni Einarsson. „On the Status of Free Men in Society and Saga.“ *Mediaeval Scandinavia* (7) 1974, 45-56.



og verður „fyrir öllum monnum þörum í kurteisi lærdóms síns, versagjörð ok bókalestri.“ Þá er hann hjá Haraldi Orkneyjarjarli „ok lagði hann mikla virðing á hann.“<sup>42</sup> Þegar Páll fer utan til að taka vígslu er langur kafli sem hefur að geyma mesta nafnadrit og snobb í íslenskum fornþókmennntum. Þegar hann kemur til Niðaróss „þóttisk hverr þeira manna bezt hafa, er hans sœmð ok virðing gærði mesta, því heldr, er gøfgari váru.“

Sverrir konungur, Knútur konungur, Absalón erkibyskup, Eirfukur erkibyskup, Þórir byskup og Pétur byskup koma allir við þá sögu og allir láta þeir sig málefni Páls sig miklu varða. Knútur konungur leggur ráð til að vígslu Páls verði sem mest hraðað og Sverrir konungur „tignaði hann (Pál) því meir í öllum hlutum, sem hann hafði lengr með honum verit.“ Aðdáun höfundar á þessum erlendu fyrirmönnum leynir sér ekki þegar hann segir: „fór þat enn eptir annarri hans gæfu, at inn gøfgasti maðr virði hann þar svá mikils ósénan, at hann gaf þat ráð til, sem hann myndi sjalfr kjósa.“ En höfundurinn fyllist líka stolti með sinn mann þegar hann lýsir tign Páls sjálfs: „Allir virðu hann mikils, sem ván var, ok hans frændr váru allir þeir, er gøfgastir váru í landinu.“<sup>43</sup> Það læðist að tortryggnum mönnum sá grunur að höfund Páls sögu sé sjálfan að finna í þeim göfuga frændahópi.

Eftir þetta kemur tæplega á óvart að fyrsta verk Páls þegar út er komið verði að veita helstu fyrirmönnum á Íslandi „dýrðliga veizlu“ sem svo er lýst: „Þá var kostur vín at drekka ok öll önnur þau atföng, sem bezt máttu verða.“ Það kemur ekki á óvart að Páll hafi orðið „svá ástsæll við alþýðu alla, at allir unnu honum hugástum“ því að hann heldur áfram að halda veislur meðan hann lifir og orðin „rausn og stórmennska“ eru notuð til að lýsa honum, rétt eins og „dýrð og heilagleiki“ lýsa heilögum Þorláki.<sup>44</sup> Höfðingskapur Páls er fremur konungsdryggð en byskups. Páll er fyrst og fremst kurteis. Hann kann að haga sér meðal erlendra stórmenna. Þar með er ekki dregið úr byskupshlutverki Páls. Hægt var að sameina heilagt embætti og viðmið riddaramenskunar eins og Loðvík 9 Frakkakonungur er dæmi um.<sup>45</sup>

Á Páls sögu sést að Oddaverjar áttu fleiri konungsefni en Jón Loftsson. En einkum sýnir hún að jafnvel inn í byskupasögur hefur læðst sú dýrkun á erlendu tignarfólki sem einkennir alla 13. öldina. Á þeim tíma rita Íslendingar fyrst og fremst konungasögur: Sagnfræðileg rit um þá norræna konunga sem nálægir voru í tíma, goðsögur um fornkonunga, sögur upp úr kvæðum um erlenda riddara, ævintýrasögur um konungborið fólk, þætti um Íslendinga í þjónustu konungs. Bróðurparturinn af þeim sögum sem ritaðar eru á Íslandi á 13. öld gerist erlendis. Eins og Einar Ólafur Sveinsson orðar það: „Sagnaritun (veraldleg) beindist þá mestmegnis að þjóðhöfðingjum, konungum,

<sup>42</sup> Páls saga, 409.

<sup>43</sup> Sama rit, 412-413.

<sup>44</sup> Sama rit, 413-415, 418-419.

<sup>45</sup> Donald Weinstein og Rudolph M. Bell. *Saints & Society. The Two Worlds of Western Christendom, 1000-1700.* Chicago og London 1982, 222.

jörllum og öðrum tignarmönnum.“ Hann bætir við að Noregskonungur í steinhöll sinni hafi verið „sá segull, sem Íslenzku þjóðveldismennirnir drógust allir að.“<sup>46</sup> Á 13. öld fengu Íslenskir sagnaritarar glýju í augun af dýrðarljóma erlendra konunga. Um það ber sagan af Páli Jónssyni ótvírætt vitni.

Piðrik af Bern, Artúr konungur, Karlamagnús, Hrólfur kraki, Hálfur konungur. Þessir stórkonungar verða Íslenskum sagnariturum að söguefni á 13. öld.<sup>47</sup> Um Hrólf er sagt: „Svá er hann mikill ágætismaðr, at hans nafn mun ei fyrnask meðan veröldin er byggð.“<sup>48</sup> Artúr konungur er „svo frægur í sínu ríki svo að engi var um hans daga hans maki að hreysti og riddaraskap.“<sup>49</sup> Piðrik konungur var „yfirmaðr allra manna at hreysti ok at drengskap ok at mildi ok blíðlæti ok þó grimmr óvinum sínum.“<sup>50</sup> Til þessara kappu líta Íslenskir sagnaritarar á 13. öld. Þessir konungar voru „yfirmenn annarra manna,“ valdir af Guði til að ráða yfir mönnum. Sögurnar af þeim fjalla minnst um þá sjálfa, fremur um kappu þá sem vinna dýrðleg afrek í nafni þeirra, sýna þeim skilyrðislausu hlýðni og deyja oftast en ekki í þjónustu konungs síns. Konungarnir eru miðja frásagnar en kappar þeirra eru í sviðsljósinu. Þjónustan við konung er meginefni þessara sagna.

Þjónusta við konung er einnig meginviðfang flestra Íslendingaþátta. Þjónusta Íslendinga við erlendan konung, oftast Noregskonung. Íslendingaþættir hafa verið afmarkaðir með tilliti til frásagnarliða og viðhorfs, „a common outlook on man and the world.“<sup>51</sup> Í þeim Íslendingaþáttum sem gerast erlendis eru tvær skýrar aðalpersónur, Íslendingur og konungur.<sup>52</sup> Kjarni þeirra er oftast sá sami. Reiði konungs vofir yfir Íslendingi og hann leggur þraut fyrir Íslending sem Íslendingurinn stenst með ágætum. Síðan veitir konungur Íslendingnum sæmd og hann hyllir konung. Íslendingarnir eru oftast en ekki þrjóskir og krefjast réttar síns af talsverðri hörku. Aldrei hvarflar þó að þeim annað en að viðurkenna rétt konungs. Þeir eru konungsmenn sem hafa bæði réttindi og skyldur. Í Gísls þætti Illugasonar í Jóns sögu er Jón Ögmundsson látinn benda konungi á að „svá erum vèr Íslendingar yðrir menn, sem þeir er hèr eru innanlands.“<sup>53</sup> Þættirnir sýna að Íslendingum hefur verið gjarnt að líta á sig sem konungsmenn. Þeir eru vinsælir við hirðina, hafa þar ákveðna sérstöðu og mikilvægt hlutverk sem dróttkvæðaskáld og þeir njóta hylli konungs. Konungur getur refsað þeim og umbunað. Þeir sýna honum

<sup>46</sup> Einar Ólafur Sveinsson. Sturlungaöld, 29.

<sup>47</sup> Sögur af þeim öllum eru varðveittar á Íslandi enda þótt efnið sé erlent.

<sup>48</sup> Hrólfs saga kraka. Desmond Slay gaf út. Editiones Arnarnagnæane B.1. Khöfn 1960, 47.

<sup>49</sup> Saga af Tristram og Ísönd. Vésteinn Ólason bjó til prentunar. Rvif 1987, 120.

<sup>50</sup> Piðriks saga af Bern. Henrik Bertelsen gaf út. Khöfn 1905-1911, 234. Samræming mfn.

<sup>51</sup> Joseph Harris. Genre and Narrative Structure in Some Íslendinga þættir. Scandinavian Studies (44) 1972, 1-27. Joseph Harris. Theme and Genre in Some Íslendinga þættir. Scandinavian Studies (48) 1976, 1-28.

<sup>52</sup> Vésteinn Ólason. Íslendingaþættir. Tímarit Máls og menningar (46) 1985, 62.

<sup>53</sup> Jóns saga. Guðbrandur Vigfússon gaf út. Biskupa sögur I. Khöfn 1858, 223.

hollustu en hann veitir þeim sæmd.<sup>54</sup> Íslendingar fara utan til að vinna sér sæmd. Þetta sést bæði í Íslendingaþáttum og Íslendingasögum.

Það hefur lengi verið mönnum hulin ráðgáta hvers vegna Íslendingar, þessir frjálsu eyjarskeggjar í konungslausu þjóðveldi, taka skyndilega upp á því að rita konungasögur. Vinsælasta skýringin hefur verið sú að vísa til íslensku dróttkvæðanna. Íslendingar hafi búið að því að eiga þessar ómetanlegu heimildir um norræna konunga seinustu alda. En eins og Theodore M. Andersson hefur bent á dugar tilvist dróttkvæðanna engan veginn til að skýra þessa konungasagnabylgju. Nægar heimildir tryggja ekki að saga sé skrifuð.<sup>55</sup> Enn fremur má benda á að eflaust hafa verið til betri heimildir um Noregskonunga í Noregi en íslensku dróttkvæðin sem geta tæplega talist ítarleg eða skýr og voru á þeim tíma jafnfjarlæg hefðbundnu ritmáli og þau eru nú.<sup>56</sup>

Annað sem hefur verið bent á er hugsanlegur hagar íslenskra höfðingja af því að tengja sig við erlent tignarfólk<sup>57</sup> og verður ekki mælt á móti því en eitt sér dugar það tæplega til að útskýra allar þær sögur um forna og nýja konunga sem Íslendingar rita á 13. öld. Einnig hafa menn stundum gert því skóna að erlendir konungar hafi hreinlega pantað sögur af íslenskum sagnaritum enda hafi frásagnarhæfileikar Íslendinga þá sem nú verið viðkunnir. Er oft tekið dæmi af Sverris sögu Karls Jónssonar en Lárus H. Blöndal hefur fært rök að því að Karl ábóti hafi sjálfur átt frumkvæði að þeirri sagnaritun en ekki verið fenginn til þess af Sverri konungi.<sup>58</sup> En þó að svo hafi verið eru fá önnur tilvik þar sem um þöntuð rit gæti verið að ræða. Það virðist að minnstu kosti fremur ólíklegt að Þiðrik af Bern eða Hrólfur kraki hafi risið úr gröfinni til að láta Íslendinga skrifa sögur um sig. Ein leið til að gera grein fyrir konungasagnaritun Íslendinga er svo að viðurkenna hreinlega að löngu fyrir 1262 hafi verið mikil og sterk þörf fyrir konungsvald á Íslandi sem hafi fengið útrás í gróskumikilli konungasagnaritun.

Þessa þörf má glögg sjá þegar um 1200 í Hungurvöku, Páls sögu og raunar öllum elstu íslensku konungasögunum en hún fer síst minnkandi. Á 13. öld, blómaskeiði íslenskrar sagnaritunar, er áhugi Íslendinga á konungum og hirðmennsku meiri en nokkru sinni fyrr. Hin blóði drifna Sturlungaöld er hin kurteisa öld sagnaritunar. Löngum hefur verið bent á Laxdæla sögu sem ákveðið hámark kurteislegra bókmennta sem hún vissulega er. Höfundur Laxdælu fær glýju í augun af kurteisi hetja sinna eða jafnvel beinlínis af öllu gullinu á vopnum og klæðum þeirra. En Laxdæla saga er ekki ein í heiminum. Leikar íslenskar frásagnar-

<sup>54</sup> Vésteinn Ólason hefur bent á tengsl þessarar hugmyndar við lénsskipulagið þar sem annar aðilinn „lét hinum í té þjónustu en þá í móti vernd hans“ en svipuð hugsun sést víða í fornum germönskum kvæðum og dróttkvæðum (Íslendingaþættir, 69-70).

<sup>55</sup> Theodore M. Andersson. *King's Sagas* (Konungasögur). *Old Norse-Icelandic Literature. A Critical Guide*. Carol J. Clover og John Lindow ritstýrðu. *Islandica XLV*. Ithaca and London 1985, 222.

<sup>56</sup> Sverrir Tómasson. Tækileg vitni. *Afmælisrit Björns Sigfússonar*. Rvfk 1975, 269-278.

<sup>57</sup> Andersson. *King's Sagas*, 225.

<sup>58</sup> Lárus H. Blöndal. Um uppruna Sverrissögu. *Rit Stofnunar Árna Magnússonar* 21. Rvfk 1982, 158-175.

bókmenntir 13. aldar eru sögur af konungum og tignarfólki. Jafnvel kappar Íslendingasagna þurfa að hljóta sæmd hjá slíkum póttintátum. Eins og Einar Ólafur Sveinsson orðar það: „Dýrð riddaralífsins, víma hirðlífsins kemur í stað raunhæfrar, veðurbittinnar stórmennsku þjóðveldismannsins.“<sup>59</sup>

Íslendingar gengu ekki Noregskonungi á hönd árið 1262. Þeir eru farnir að líta til erlendra konunga löngu fyrr og viðurkenna vald konungsins yfir sér í verki löngu áður en þeir gerast þegnar hans í orði og taka að greiða honum skatt. Konungurinn er hafinn yfir aðra menn, hvort sem þeir eru skattskyldir honum eða ekki. Þetta vita Íslendingar sem rituðu bróðurpart þeirra norræna konungasagna sem varðveittar eru. „Dýrð riddaralífsins,“ var sannleikur þess tíma. „Víma hirðlífsins“ var raunsæi þess tíma. Hin „raunhæfa, veðurbittna stórmennska þjóðveldismannsins“ er hins vegar ævintýri frá 19. og 20. öld sem nú er lokið.

---

<sup>59</sup> Einar Ólafur Sveinsson. Sturlungaöld, 43.